

## Fyrirspurn

til forseta Alþingis um hlutverk ríkisendurskoðanda.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvaða lögum og reglum skal ríkisendurskoðandi hafa eftirlit með og leiða í ljós frávik frá, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016?
2. Hvað er átt við með frávikum frá lögum og reglum í fyrrnefndu ákvæði?
3. Hvaða svigrúm hefur ríkisendurskoðandi, sem sjálfstæður og engum háður í störfum sínum, til þess að skilgreina hvað felst í því að „leiða í ljós frávik frá lögum og reglum“, sbr. fyrrnefnt ákvæði?

### Skriflegt svar óskast.

Efni fyrirspurnar samrýmist ekki ákvæðum 3. mgr. 8. gr. þingskapa um fyrirspurnir til forseta Alþingis og er því synjað.